

Alþingi
Erindi nr. P 136/1386
komudagur 20.3.2009



Nefndasvið Alþingis
b.t. sérnefndar um frumvarp til stjórnskipunarlaga
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

TÞH/ls

20.03.2009

Efni: Umsögn um frumvarp til stjórnskipunarlaga, 385. mál

RARIK ohf. hefur haft af því spurnir að fyrir Alþingi liggi nú frumvarp til breytinga á stjórnarskrá Íslands þar sem m.a. lagt er til að inn í stjórnarskránni komi ný grein þar sem fjallað er um eignarhald á náttúruauðlindum og nýtingu þeirra. Þar sem RARIK ohf. og dótturfélög þess hafa á undanförunum áratugum virkjað náttúruauðlindir landsins þykir okkur þetta mál varða fyrirtækið nokkuð.

Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja, hefur sent inn umsögn, dagsetta í dag, um þetta frumvarp. Hefur RARIK ohf. fengið í hendur þá umsögn.

RARIK ohf. tekur undir umsögn Samorku í einu og öllu. Jafnframt vill RARIK ohf. leggja sérstaka áherslu á gagnrýni á þau vinnubrögð sem í þetta skiptið eru viðhöfð við breytingu á stjórnarskránni. Ekki eingöngu er tíminn sem Alþingi ætlar umsagnaraðilum til að gefa álit sitt á frumvarpinu alltof stuttur heldur er ekki leitað umsagnar aðila eins og RARIK ohf. sem í 70 ár hefur starfað við nýtingu þeirra auðlinda sem verið er að fjalla um í frumvarpinu. Átelur RARIK ohf. þessi vinnubrögð.

Virðingarfyllst,


Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri

RA-33247